



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN
BK/eeg/14/0280

DAGSETNING
27.02.2014

Efni: Umsögn um skýrslu innanríkisráðherra um skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum, 283. mál.

Með tölvupósti 3. febrúar sl. óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um skýrslu innanríkisráðherra um skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum, 283. mál. Af því tilefni er nefndinni send eftirfarandi umsögn.

Eins og fram kemur í upphafskafli skýrslunnar var undirrituð skattrannsóknarstjóri einn nefndarmanna í nefnd innanríkisráðherra sem skilaði af sér nefndri skýrslu. Skattrannsóknarstjóri getur því tekið undir þau sjónarmið og áherslur sem fram koma í skýrslunni. Við vinnu nefndarinnar var óskað eftir afstöðu embættis skattrannsóknarstjóra til nánar tilgreindra atriða er lúta að meðferð skattalagabrota og var nefndinni svarað með bréfi embættisins, dags. 27. mars 2012, sem meðfylgjandi er skýrslu nefndarinnar. Er til þess bréfs vísað.

Skattrannsóknarstjóri telur ástæðu til að áréttu mikilvægi þess að sú leið sem verður farin við framtíðarskipulag rannsókna og saksóknar efnahagsbrota verði til þess fallin að efla meðferð skattalagabrota enn frekar. Þarf við það mat að taka mið af sérstöðu rannsókna skattalagabrota sem annars vegar felst í refsipætti hvers máls og hins vegar skattþætti. Skattalagabrot hafa um árabil verið langstærsti einstaki málaflokkurinn innan efnahagsbrota og fyrirséð að svo verði áfram til framtíðar litið. Er því mikilvægt að vel takist til og áfram verði gætt að því að halda skýrum fókusi á þann málaflokk.

Í skýrslunni kemur fram að í ljósi mikilvægi málaflokksins hafi verið ákveðið að taka meðferð skattalagabrota í heild til skoðunar og þá umfram tillögur að stofnanaskipan, svo sem verkefnasvið nefndarinnar var einkum afmarkað í bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 82/2011. Er í skýrslunni gerð grein fyrir fjórum mögulegum leiðum við rannsókn og saksókn skattalagabrota. Ein tillagan lýtur að breytingu á stofnanaskipan með sameiningu embættis sérstaks saksóknara og skattrannsóknarstjóra í efnahagsbrotastofnun, og tvær tillagnanna lúta að breytingum á meðferð ákærvalds í málaflokknum. Þessar þrjár tillögur fela að mati nefndarinnar allar í sér bæði kosti og galla frá núverandi fyrirkomulagi. Fjórdða tillagan gengur skemmst og felur í sér breytingu á einkum samspili skattrannsóknarstjóra og efnahagsbrotastofnunar við rannsókn og saksókna skattalagabrota. Telur nefndin að hin síðastnefnda tillaga sé að öllu leyti til verulegra bóta. Allar fjórar tillögurnar myndu að mati nefndarinnar leiða til þess að sá ágalli sem er nú á meðferð skattalagabrota og felur í sér



endurtekna rannsókn væri úr sögunni.

Þá telur skattrannsóknarstjóri ástæðu til að vekja sérstaka athygli á tillögum nefndarinnar er lúta að auknu samstarfi og samráði stofnana er hafa með höndum rannsóknir efnahagsbrota (kafla skýrslunnar 9.3 og 1.5.2). Telur embættið að slíkur samráðshópur væri til þess fallinn að gegna lykilhlutverki við rannsóknir efnahagsbrota, þ. á m. í tengslum við skipulagða glæpastarfsemi, og jafnframt til þess fallinn að skapa heildaryfirsýn yfir efnahagsbrot og fyrirbyggja skörun við rannsóknir einstakra stofnana.

Virðingarfyllst,

Bryndís Kristjánsdóttir,
skattrannsóknarstjóri